

Skýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Smára 2011

Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi



Nefndarfólk 2011: Kolbrún Haraldsdóttir, Einar Logi Sigurgeirsson, Maja Roldsgaard, Vigdís Furuseth og Leifur Stefánsson.

Nefndin hittist í lok janúar, að loknum aðalfundi félagsins, þar sem dagskrá komandi mánaða var rædd og skipulögð. Fyrir í mánuðinum var formaður nefndarinnar búin að funda með stjórn Reiðhallarinnar og fulltrúum frá hestamannafélaginu Loga og Trausta varðandi hugmyndir um að halda Uppsveitadeild æskunnar. Nánar er greint frá því hér á eftir. Æskulýðsnefndin hefur haldið nokkra fundi auk mikilla samskipta með tölvupóstum og símtölum. Hér á eftir er greint frá helstu viðburðum sem æskulýðsnefndin hefur staðið fyrir á síðastliðnu ári.

Haustferð 2010

Föstudaginn 12. nóvember 2010 lögðu 29 kátir krakkar og unglingar úr Smára upp í haustferð æskulýðsnefndar ásamt nefndarfólki. Var ferðinni heitið á valin hrossaræktarbú og tamningastöðvar á Suðurlandi. Markmið ferðarinnar var að krakkarnir fengju fræðslu og sýnikennslu auk þess að skoða aðstöðu hesta og manna.

Fyrsti áfangastaður var Fákshólar í Ásahreppi þar sem Birna Káradóttir og Sigurður Óli Kristinsson reka tamningastöð. Þar er öll aðstaða til fyrirmyndar, stórt hesthús auk reiðhallar. Glæsileg aðstaða og greinilega lögð áhersla á góðan aðbúnað og snyrtimennsku. Sigurður og Birna sýndu okkur hvernig þau vinna, annarsvegar með lítið tamin hest og hinsvegar hest sem er lengra komin í tamningu. Að lokinni sýnikennslu buðu þau upp á glæsilegar veitingar. Í alla staði frábærar móttökur hjá Fákshóla fjölskyldunni.

Næsti viðkomustaður var Hólaborg við Stokkseyri. Þar er rekin sjúkra- og þrekþjálfunarstöð fyrir hesta. Hestarnir eru þjálfaðir á vatnshlaupabretti, í hringekju og á víbragólfi. Þarna var því margt nýstárlegt að skoða og krakkarnir höfðu á orði að gaman væri að sjá slíka tækni notaða við uppbyggingu hestsins.

Enn var haldið áfram og komum við að Grænhóli í Ölfusi síðla dags. Þar búa Gunnar Arnarson og Kristbjörg Eyvindsdóttir, oftast kennd við Auðsholtshjáleigu. Á Grænhóli er rekin tamningastöð auk þess sem fjölskyldan stundar hrossarækt með góðum árangri og kemur einnig að útflutningi hrossa. Afar vel var tekið á móti okkur, veitingar af bestu gerð og

Gunnar sagði frá starfseminni og fræddi krakkana um margt sem viðkemur hestamennsku. Aðstaðan var skoðuð og vakti hesta hlaupabrettið mikla athygli og fengu allir sem vildu að prófa gripinn.

Að lokum var brunað á Hoflandssetrið í Hveragerði og snæddar gómsætar pizzur. Heimkoma var um níu leytið og allir glaðir og ánægðir eftir viðburðaríkan dag. Krakkarnir voru allsstaðir til mikils sóma, þrúðir og fróðleiksfúsir. Við erum virkilega stolt af krökkunum „okkar“.

Uppsveitadeild æskunnar

Síðastliðið haust kom upp sú hugmynd að halda Uppsveitadeild æskunnar í tengslum við Uppsveitadeild fullorðinna. En það er samstarfsverkefni þriggja hestamannafélaga, Smára, Loga og Trausta. Framkvæmd mótanna var í höndum æskulýðsnefnda félaganna og stjórnar Uppsveitadeildarinnar. Þetta var mótaröð sem fór fram í Reiðhöllinni á Flúðum. Í Uppsveitadeild æskunnar var keppt í tveimur flokkum. Barnaflokki 10 - 13 ára og unglingaflokki 14 - 17 ára. Keppnisgreinar voru smali, fjórgangur, þrigangur, fimmgangur og skeið. Smali var fyrsta keppnisgrein, fjórgangur önnur og kepptu báðir flokkar í þeim greinum. Þriðju greinarnar voru fimmgangur í unglingaflokki og þrigangur í barnaflokki. Lokagreinar voru tölt í báðum flokkum og skeið í unglingaflokki. Mótaröðin var hvort tveggja liða- og einstaklingskeppni. Knöpum var ekki skylt að keppa á öllum mótunum og engin fjölda takmörkun knapa var í liðunum. Í liðakeppninni reiknuðust stiginn saman úr báðum flokkum. Þessi nýbreytni sló rækilega í gegn og hleypti miklu lífi í hestamenskuna hjá unga fólkinu. Margir ungir knapar stigu þarna sín fyrstu skref í keppnisbrautinni og gaman að fylgjast með börnunum eflast með hverju mótinu. Vonandi er Uppsveitadeild æskunnar komin til að vera en keppnin var vel sótt bæði af keppendum og áhorfendum.



Reiðnámskeið

Reiðnámskeið hófst þriðjudaginn 15. mars og var vikulega fram í byrjun maí, fór kennslan fram í Reiðhöllinni á Flúðum. Reiðkennari var Sólon Mortens. Þrjátíu börn og unglingar sóttu námskeiðið á aldrinum 4 – 16 ára. Ánægjulegt var að sjá hversu margir ungir knapar mættu á námskeiðið en þriðjungur þátttakenda var undir 10 ára aldri.

Æskan og hesturinn

Ætlunin var að fjölmenna á sýninguna „Æskan og hesturinn“ í Víðdal sem fyrirhuguð var um miðjan mars. Hins vegar var sýningin blásin af með stuttum fyrirvara og því varð ekkert af þeirri ferð. Í staðinn tókum við þátt í sunnlensku sýningunni Hestafjör sem greint verður frá hér á eftir.

Hestafjör 2011

Æskulýðsnefndir Geysis og Sleipnis skipulögðu hestasýningu barna- og unglinga í reiðhöllinni á Hellu þann 10. apríl. Flest sunnlensku hestamannafélögin komu að sýningunni með fjölbreytt sýningaratriði. Átta börn úr Smára æfðu atriði fyrir Hestafjör undir stjórn Coru Claas. Tókst sýningin vel hjá þeim og stóðu þau sig með stakri prýði. Einnig tóku þrjú börn úr Smára þátt í grímubúningareið sem var ætluð yngstu þátttakendunum.



Myndir af þátttakendum Smára í Hestafjöri 2011

Hestheimaferð

Farið var í Hestheima helgina 7.-8. maí. Þátttaka var góð, 18 börn og unglinga auk nefndarfólks sem skipti með sér verkefnum. Var mikil tilhlökkun hjá krökkunum enda margir sem fara ár eftir ár í þessa ferð okkar og skemmta sér alltaf jafn vel. Börnunum var skipt í

hópa og unnið á stöðvum. Sólon kom og var með reiðkennslu, hestar voru snyrtir, reiðtygi þrifu og farið var í útreiðatúra um nágrennið. Um kvöldið var kvöldvaka og farið í heita pottinn eftir erilsaman dag. Helgin tókst í alla staði vel, frábærar móttökur hjá ábúendum í Hestheimum og okkar fólk var til fyrirmyndar í einu og öllu.



Undirbúningur fyrir Landsmót 2011

Í maí var þeim börnum og unglingum sem stefndu á úrtöku fyrir Landsmót boðin leiðsögn Sólons Mortens reiðkennara. Hitti hann krakkana einu sinni í viku fram að úrtöku og hélt áfram að leiðbeina þeim sem komust inn á Landsmót.



Barna- og fjölskyldureiðtúr

Í lok júlí var boðað til barna- og fjölskyldureiðtúrs að Álfaskeiði. Veðrið setti strik í reikninginn þennan dag en rigning var með allra mesta móti. Brugðum við á það ráð að flytja viðburðinn inn í hlöðu í Syðra-Langholti. Þar var grillað og farið í leiki auk þess sem ungir sem aldnir áttu saman góða kvöldstund. Var þátttakan ágæt eða rúmlega 30 manns. Var komið ríðandi eða á bíl úr báðum sveitum félagsins.



Æskulýðsdagur

Sunnudaginn 28. ágúst var haldin æskulýðsdagur Smára á svæði félagsins á Flúðum. Um 20 börn og unglingar tóku þátt auk fullorðinna en dagurinn var fjölskylduhátíð þar sem markmiðið er að allir skemmti sér saman. Dagskráin er hefðbundinn milli ára og lagt upp úr því að það sé eitthvað við allra hæfi. Meðal atriða var atriði sem kallað er "Teymt undir börnunum" en þetta er fyrir þau allra yngstu þar sem fullorðnir hjálpa þeim yngstu. Auk þess er "þrautakeppni" alltaf vinsæl og ekki má gleyma "mjólkurreiðinni" þar sem ungir og gamlir bregða á leik saman. Öll börn fengu viðurkenningarpening fyrir þátttökuna. Síðan var boðið upp á veitingar, enda allir orðnir svangir eftir skemmtilegan dag.



Svipmyndir frá Æskulýðsdegi 2011

Haustferð 2011

Ætlunin er að fara í ferð með unglinga og eldri börn nú á haustdögum. Verður hún með svipuðu sniði og ferðin sl. haust þar sem heimsótt verða ræktunarbú og tamningastöðvar.

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi starfið hjá okkur síðastliðið ár. Það hefur verið virkilega gott og skemmtilegt tímabil og mikill kraftur og áhugi hjá börnunum okkar.

kveðjur frá Æskulýðsnefnd Smára

Kolbrún Haraldsdóttir, formaður

Einar Logi Sigurgeirsson,

Maja Roldsgaard,

Vigdís Furuseth,

Leifur Stefánsson